

## Fyrirspurn

til félags- og jafnréttismálaráðherra um kærunefnd jafnréttismála  
og Jafnréttisstofu.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, þannig að skilgreind verði viðbrögð eða viðurlög við úrskurðum kærunefndar jafnréttismála?
2. Hvers konar viðbrögð telur ráðherra að þurfi að birtast í ljósi ítrekaðra úrskurða kærunefndar jafnréttismála um brot á ákvæðum jafnréttislaga?
3. Telur ráðherra ástæðu til að efla starfsemi Jafnréttisstofu til að fylgja lögum betur eftir? Þarf að gefa stofunni frekari heimildir í lögum til að tryggja markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla?